

Ársskýrsla Foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands

Veturinn 2013 – 2014

Lögð fram á aðalfundi 9. september 2014

Aðalfundur Foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands var haldinn 3. október 2013 í Verzlunarskólanum. Þorkell Diego var kosinn fundarstjóri og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir fundarritari. Rúmlega 100 foreldrar voru á fundinum.

Dagskrá aðalfundar er skv. 4.gr laga félagsins:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi félagsins
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og afgreiðsla hans
- e) Lagabreytingar
- f) Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu
- g) Kosning í stjórn félagsins
- h) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Þorkell setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Elín Thorarensen gerði grein fyrir ársskýrslu stjórnar.

Nokkrar lagabreytingar voru samþykktar á fundinum líkt og sjá má í fundargerð en má þar nefna að nafni félagsins var breytt í Foreldraráð Verzlunarskóla Íslands en samkvæmt lögum um framhaldsskóla starfa foreldraráð en ekki foreldrafélög í framhaldsskólum. Einnig var samþykkt að gefa foreldraráðinu umboð til að senda út valfrjáls foreldrafélagsgjöld að upphæð 1500 kr. á hvert heimili. Er því fjármagni sem safnast meðal annars ætlað að standa straum af kostnaði við aðalfundi og gefa möguleika á að vera með fræðslufundi fyrir foreldra.

Kosning í stjórn. Þrír stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram: Elín Thorarensen, Lena Lenharðsdóttir og Hlaðgerður Íris Björnsdóttir. Unnur Ingólfisdóttir var kosin til tveggja ára árið 2012 og situr því áfram. Fimm nýjir aðilar gáfu kost á sér: Auður Einarsdóttir, Björk Ragnarsdóttir, Dána Arnfjörð, Sigurður Örn Eiríksson og Þórdís Guðmundsdóttir.

Allir frambjóðendur voru kjörnir einróma. Svo skemmtilega vill til að í stjórninni eiga foreldrar nemendur í öllum árgöngum skólans.

Guðný Rósa og Eyrún Baldvinsdóttir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og voru samþykktar samhljóða af fundinum.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum kynnti fundarstjóri námsráðgjafa skólans, sem eru: Sóley Þórarinsdóttir, Berglind Helga Sigurjónsdóttir og Kristín Huld Gunnlaugsdóttir. Að því loknu hélt Sóley Þórarinsdóttir fyrirlestur um námstækni.

Að loknu kaffihléi var Páll Ólafsson félagsráðgjafi með fyrirlestur um góð samskipti.

Fundir

Haldnir voru fimm stjórnarfundir í vetur þar sem farið var yfir ýmis mál er snerta skólann og skólalífið og fundir með skólastjórnendum voru undirbúnir. Fundargerðir stjórnarfunda eru á heimasíðu foreldrafélagsins á vef skólans. Sú hefð hefur skapast að allir stjórnarmenn eru boðaðir á alla fundi.

Á fyrsta stjórnarfundu skipti stjórnin með sér verkum:

Elín Thorarensen – formaður

Björk Ragnarsdóttir - ritari

Unnur Ingólfssdóttir - Gjaldkeri

Lena K. Lenharðsdóttir – Fésari og útkallsstjóri

Auður Einarsdóttir - Útkallsstjóri

Þórdís Guðmundsdóttir – Fulltrúi í Heilsuefandi framhaldsskóli

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir - Meðstjórnandi

Díana Arnfjörð - Meðstjórnandi

Sigurður Örn Eiríksson - Meðstjórnandi

Í nóvember varð breyting á stjórn er Björk flutti erlendis og Hlaðgerður Íris tók að sér starf ritara.

Í nóvember var haldinn fundur með skólastjórnendum og farið yfir ýmis málefni er snerta skólastarfið og þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á því.

Framhaldsaðalfundur var haldinn 04. mars 2013 þar sem bæta þurfti við tveimur greinum í lög foreldraráðsins þannig að það gæti sótt um kennitölu og stofnað bankareikning.

Að loknum framhaldsaðalfundi greindi Margrét Lilja Guðmundsdóttir, fulltrúi Rannsóknna & greiningar frá niðurstöðum fyrir VÍ úr nýjustu rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema. Fulltrúi nemendafélagsins kynnti verkefni og störf nemendafélagsins.

Þrátt fyrir fámennan fund sköpuðst góðar og gagnlegar umræður að loknum kynningum.

Í mars sat stjórn foreldraráðsins fund með tveimur matsaðilum sem unnu að ytra mati á skólanum fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrslan um ytra matið mun liggja nú fyrir og eru foreldrar hvattir til að kynna sér hana.

Önnur verkefni

Ballgæsla. Stór hluti af starfi foreldrafélagsins snýst um gæslu á böllum á vegum nemendafélagsins og gekk vel að manna hana og böllin gengu einnig vel. Á fundi með foreldrum í 3. bekk sem skólinn hélt í október var netföngum foreldra safnað. Fyrir hvert ball var sendur út póstur og foreldrum úr tveimur til þremur 3. bekkjum beðin um að manna gæsluna. Er það talið æskilegt að foreldrar prófi að taka þátt í gæslunni og upplifa þá jákvæðu stemmningu sem þar ríkir. Með því að skipta vaktinni á milli foreldra í 3. bekk á þennan máta er tiltölulega einfalt að manna gæsluna. Þó þurfti einnig stundum að nota fésbókarsíðuna til að hvetja fólk til að mæta. Á bilinu 8-12 foreldrar mættu á ballgæslu hverju sinni. Böllin eru misstór og þarf að manna gæsluna í samræmi við það. Ballgæslan er unnin í samvinnu við forvarnarfulltrúa og námsráðgjafa skólans

og þökkum við gott samstarf við þá.

Nemendur í 3. bekk þurfa að blása í áfengismæli er þeir mæta á ballið og eldri nemendur hafa val um að blása. Allir sem blása fara í svokallaðan edrúpott og eru dregnir út vinningar eftir hvert ball, skipt eftir árgöngum. Hver árgangur á að mæta á ákveðnum tíma á ballið. Foreldraráðið telur að góð skipulagning og það fyrirkomulag sem haft er á böllum skipti sköpum um það hve vel þau ganga. Foreldrar þurfa að leggja sitt af mörkum og vera vakandi fyrir því að ekki séu veittar veitingar í partýum í heimahúsum fyrir böllin og eins er mikilvægt að foreldrar séu á staðnum og til taks ef eitthvað kemur upp á. Við þurfum jafnvel að bjóða þeim að halda fyrirpartý, þar sem þau er mikilvægur vettvangur til að efla félagsleg tengsl, ekki síst á fyrsta ári.

Skólanefnd. Þar sem VÍ er einkaskóli eiga foreldrar ekki rétt á setu í skólanefnd skv. lögum líkt og í öðrum framhaldsskólum. Skólaárið 2012-2013 var óskað eftir því að fulltrúi foreldrafélagsins fengi setu í skólanefnd og var það samþykkt. Fulltrúi foreldra er boðaður á fundi þar sem fagleg mál eru til umræðu. Fulltrúi foreldraráðsins í skólanefnd er Elín Thorarensen og var hún boðuð á einn fund á haustmisseri en vegna skipulagsbreytingar var ekki haldinn hefðbundinn skólanefndarfundur á vorönn.

Facebook. Foreldraráðið hefur nú haldið út fésbókarsíðu í rúmt ár. Markmið hennar er að gera störf foreldraráðsins sýnilegri, miðla fréttum og fróðleik og skapa möguleika fyrir jákvæða og uppbyggilega umræðu meðal foreldra. Upplýsingar um síðuna voru sendar foreldrum í tölvupósti um haustið og einnig minnt á hana í fréttabréfi skólans. Við skólaslit síðastliðið vor var síðan komin með um 700 fylgjendur. Lena Lenharðsdóttir var umsjónarmaður síðunnar.

Lokaorð

Ég veit ekki hvort mörg ykkar sáuð eða munið eftir að hafa lesið frétt sem birtist í vor um að reykvískir unglingar reykja og drekka minna nú en áður líkt og jafnaldrar þeirra á landsbyggðinni, að ungmenni eyða nú meiri tíma með foreldrum sínum en áður og foreldrar vita betur en áður hvar börnin þeirra eru stödd um kvöld og helgar. Við heyrum af þessum rannsóknarniðurstöðum reglulega en við megum ekki taka þessu sem sjálfgefnum hlut. Þetta er mikil breyting á 15-20 árum og þessi breyting er ekki síst okkur foreldrum að þakka, foreldrum sem taka þátt í grasrótastarfi foreldrafélaga í leiksólum, grunnskólum, íþróttafélögum og framhaldsskólum. Það eru við foreldrar sem gefum okkur tíma til að staldra við og taka þátt í lífi unglínganna okkar, vera til staðar þegar þau þurfa, setjum mörk og grípum í taumana þegar þarf. Foreldrar eru auðlind fyrir skólakerfið sem það getur ekki verið án. Það muna eflaust mörg ykkar eftir stemmningunni fyrir um 20 árum síðan er nemendur útskrifuðust úr grunnskóla og ástandinu í miðbæ Reykjavíkur. Það fannst mörgum foreldrum þá allt í lagi að afhenda barninu sínu áfengi í tilefni þessara tímamóta, ég er ekki viss um að margir hér inni í dag finnist það í lagi. Eins er ég viss um að eftir um 10 ár þá mun foreldrum upp til hópa alls ekki finnast það í lagi að afhenda framhaldsskólanemanda undir 20 ára áfengi, hvað þá ósjálfráða unglíngi.

Ég hef oft heyrt foreldra tala um hvað þeir eru glaðir þegar yngsta barnið þeirra útskrifast úr grunnskóla og þeir segjast vera mjög fegnir að því tímabili í lífi þeirra er lokið. Ég tek undir það að það er stór áfangi að standa í þeim sporum en við verðum samt að muna að við útskrifumst aldrei úr foreldrahlutverkinu og við losnum ekki við foreldrafélögin við það að verða framhaldsskólaforeldri. Hlutverk okkar og ábyrgð aftur á móti breytist og rannsóknir sýna m.a.

að þau ungmenni sem eiga foreldra sem styðja við bak þeirra öll árin meðan þau eru í framhaldsskóla, sýna náminu þeirra áhuga sem og þeim nýju vinum sem þau eignast – að þeim vegnar betur og það eru meiri líkur á að þessir nemendur ljúki námi sínu á tilsettum tíma hnökralaust. Það er því ekki til lítills að vinna en eins og þið vitið eflaust þá er útskriftarhlutfall úr framhaldsskóla á Íslandi mun lægra en í nágrannalöndum okkar. Einungis 45 prósent þeirra sem hefja nám í framhaldsskóla á Íslandi ná að ljúka námi á fjórum árum. Staðan er að vísu mun betri hér í Versló en hér falla samt nemendur á hverju ári, úr öllum árgöngum.

Við sem tókum þátt í stjórn foreldraráðsins síðasta vetur erum þess fullviss um að foreldrar hafa margt fram að færa til skólahaldsins. Við erum þess fullviss að sá tími sem við höfum varið til þessa starfs er vel nýttur og til gagns fyrir nemendur, foreldra þeirra og skólann sjálfan. . Nýútkomin úttektarskýrsla metur þar sem einn af styrkleikum skólans að við hann starfar virkt foreldraráð. Ég mun því miður ekki geta gefið kost á mér áfram næsta vetur en við göntumst svolítið með það að það er eiginlega enginn sem hættir í foreldraráðinu nema þegar hann „útskrifast“ úr skólanum eða flytur burt. Úttektaraðilar sem funduðu með okkur fyrir á árinu voru t.d. mjög hissa að komast að því að við áttum ekki bara börn í 3. og 4. bekk heldur líka 5. og 6. bekk og að við setjum okkur inn í öll málefni er snerta skólann. Þannig teljum við að foreldraráðið veiti skólanum sem bestan stuðning og stuðli að farsælu samstarfi heimila og skóla. Ég er þess fullviss að starfið mun halda á fram að þróast og dafna á næstu misserum og vil nota tækifærið til að þakka samstarfsaðilum mínum í foreldraráðinu fyrir gott samstarf síðasta vetur. Einnig þakka ég kennurum skólans, námsráðgjöfum, forvarnarfulltrúum og skólastjórnendum fyrir frábært samstarf undanfarin ár en án skilnings þeirra á því hve öflugir foreldrar eru og hve samstarf við þá er skólanum mikilvægt þá værum við ekki hér í dag. Það er líka sérlega skemmtilegt hve margir hafa lýst yfir áhuga á að taka sæti í stjórn Foreldraráðsins næsta vetur. Miðað við það er bjart framundan í foreldrastarfinu hér í Versló.

Að lokum - Munum 18 ára ábyrgð og að slaka á taumnum – ekki sleppa.

Takk fyrir

Reykjavík, 9. september 2014

Elín Thorarensen, formaður foreldraráðsins